



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
í hátíðarkvöldverði  
Mary Simon landstjóra og Whit Fraser  
í opinberri heimsókn til Kanada**

**Ottawa  
29. maí 2023**

Virðulegi landstjóri, Mary Simon  
Whit Fraser, maki landstjóra,  
Justin Trudeau forsætisráðherra,  
frú Sophie Grégoire Trudeau,  
góðir gestir

Fyrir hönd okkar Elizu og föruneysis okkar þakka ég kærlega hlýjar móttökur í heimsókn okkar hingað. Við hlökkum til frekari viðburða, hér í Ottawa og víðar í Ontariofylki, en einnig í Halifax í Nova Scotia og St. John's á Nýfundnalandi. Bláa hagkerfið og norðurslóðir, hátækni og leiðir til að bæta líf ungmenna; þetta og margt fleira munum við fræðast um á meðan dvöl okkar stendur.

Ég biðst afsökunar á að geta aðeins mælt á ensku hér, ekki frönsku og því síður móðurmáli þínu, inuktitut. Framtíð tungumála er einmitt einn sá þáttur sem við ræðum í þessari heimsókn. Enn má finna Kanadabúa af íslensku bergi brotna sem kunna móðurmál formæðra sinna og -feðra sem hingað fluttu fyrir meira en hundrað árum. Þau hafa ætíð verið sterk og traust, vinaböndin milli Íslands og Kanada.

Og nú viljum við Íslendingar efla og styrkja mál okkar á stafrænni öld í alþjóðavæddum heimi. Við höldum því gjarnan fram að það hafi lítið breyst í þúsund ár og við reynum einatt að finna íslensk orð fyrir nýjar uppfinningar eða hugtök, til dæmis orðið tölva fyrir *computer* sem er blanda af orðunum tala, *number*, og völva, *soothsayer*.

Þrátt fyrir þetta má halda því fram að mikilvæg orð skorti enn í íslenskan orðaforða. Og þá kemur upp í hugann það sem þið Kanadabúar eru svo víða þekkt fyrir – einlæg kurteisi, hlýja og náungakærleikur. Ég er ekki endilega að segja að þessa mannkosti vanti alveg í okkur Íslendinga en það sem okkur vantar þó er orð sem þið notið daginn út og daginn inn en við ekki, og það er orðið *please*. Það bara er ekki til í íslensku!

En við hjálpumst að. Við Eliza höfum búið á Íslandi í um tuttugu ár. Hún hefur lagt á sig að læra íslensku og gengið vel. Eitt sinn gerðist það þó að hún ætlaði að segja að hún væri *grateful*, þakklát á íslensku, en sagði óvart þakk-löt. Það orð er í raun ekki til en mætti svo sannarlega vera það því að það þýðir bókstaflega sú sem er of löt til að segja takk, *thanks-lazy*.

Ekki vil ég að það sé sagt um okkur Íslendinga hér. Við erum full þakklætis fyrir gestrisni ykkar og góðvild. Já, við munum njóta þess að ferðast um þetta gjöfuga og mikla land, Kanada, kynnast því góða fólki sem hér býr og halda heim með nýja vitneskju og ljúfar minningar.

Og kannski lærum við ný orð. Ég minnst núna, kæri landstjóri, fróðlegra samtala þegar þú heimsóttir Ísland í fyrra. Við ræddum meðal annars stöðu frumbyggja hér í Kanada. Sú var tíð að við Íslendingar og fleiri sögðum sögur af siglingum norrænna manna hingað fyrir meira en þúsund árum á þann hátt að þeir hefðu fundið nær ónumið land. Þær ferðir voru merkar á sinn hátt en eins merk er saga þess fólks sem hingað hafði komið löngu áður og er hér enn, þrátt fyrir áföll og andbyr af ýmsum toga. Kannski ættum við öll að læra og muna orðið *ajunnata* á inuktitut, sem þýðir sá staðfasti vilji að gefast aldrei upp, að halda alltaf áfram þótt á móti blási. Og við Íslendingar kunnum margar sögur af hjálpsemi frumbyggja sem kenndu íslenskum innflytjendum að lifa af hinn kalda vetur í Kanada.

Í þeim anda skulum við halda áfram að styrkja samband Íslands og Kanada, vinna að sameiginlegum hagsmunum og verja okkar sameiginlegu gildi á heimaslóð og um víða veröld.

Kæru gestir! Ég bið alla viðstadda að rísa úr sætum og lyfta glasi til heiðurs landstjóra Kanada, eiginmanni hennar og öllum íbúum þessa indæla lands.